

Ed.

57. Frumvarp til laga

um yfirstjórn Reykjatorfu og um eignarnám á landi og leiguréttindum í þessari jarðeign.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir yfirumsjón og landsdrottinsvald yfir öllu landi og jarðhita, sem tilheyrir jörðunum Reykjakoti, Reykjum og Reykjahjáleigu í Ölfusi. Land þetta og jarðhitann skal nota til þarfa ríkisins fyrir sjúkrahús, garðyrkju og garðyrkjuskóla, sveitaheimili fyrir ríkisskóla, gamalmennahæli, barnaheimili og hverskonar starfsemi í mannúðar- og fræðsluskyni, sem Alþingi og ríkisstjórn vilja láta framkvæma þar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa einstökum mönnum eða félögum að hafa skála eða tjöld til sumardvalar á framangreindum jörðum. Þó gildir slíkt leyfi aðeins eitt ár í senn, og þau mannvirki, sem slíkir leyfishafar gera þar, skulu

flutt burtu, án skaðabótaskyldu fyrir rikissjóð, hvenær sem rikisstjórnin mælir fyrir, að svo skuli gera.

3. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að láta taka eignarnámi, þegar þess þykir þörf, leiguréttindi og mannvirki, sem einstakir menn eiga á framantöldum þrem jörðum, svo og þær tvær lóðarspildur og sumarhús, sem Gísli Björnsson á í Reykjalandi. Þó má ekki fara fram eignarnám á áðurnefndu sumarhúsi og lóð þeirri, er því fylgir, meðan Gísli Björnsson eða kona hans lifa og vilja nota þessa eign sér til handa.

Greinargerð.

Þegar rikissjóður keypti Reykjaeignina, tók Gísli Björnsson undan tvo litla bletti í Reykjalandi og sumarhús, er hann átti, og er þetta einkaeign hans. Auk þess voru nokkur sumarhús nýlega byggð á Reykjum, er salan fór fram, og höfðu þau lóðarréttindi og hita frá Litla-Geysi í 25 ár. Síðan hefir önnur rikisstjórn en sú, er framkvæmdi þessi jarðakaup, leigt allt Reykjakot til lifstíðar og látið Sigurð Sigurðsson, fyrrverandi búnaðarmálastjóra, fá allmikið land neðan við túnið á Reykjum á erfðafestu til 75 ára.

Nú hefir það að visu atvikazt svo, að Magnús Kristjánsson, áður bústjóri á Reykjum, sem fengið hafði ábúð til lifstíðar á Reykjakoti, hefir afsalað sér þeirri ábúð til núverandi rikisstjórnar, og hún byggt jörðina á þann veg, að ríkið getur tekið hana til sinna þarfa hvenær sem er. Hinsvegar hefir Magnús Kristjánsson byggt gott hús og gróðrarskála, er hann rekur nú, en jafnframt lýst yfir, að hann muni hvenær sem er láta þessa eign af hendi við ríkið, án skaðabóta, ef mannvirki þau, er hann hefir gert, verða keypt eftir mati.

En á hinn bóginn vex stöðugt þörf ríkisins til að hafa full afnot af þessu landi og jarðhitunum. Reykjahæli er mjög eftirsótt; dvölin þar er ódyrari ríkinu en á öðrum sjúkrahúsum, og árangur mikill af notkun þess, einkum eftir að Sigurður Sigurðsson tók við yfirstjórn berklamálanna. Gróðurhúsin eru mikil og gefa ágætan arð, en bæði þau og hælið vantar nauðsynlega það heita vatn, sem sumarhúsin hafa nú rétt til, meðan leigusamningur þeirra er í gildi. Þá hefir rikisstjórnin ákveðið að vinna að því að koma upp garðyrkjuskóla á Reykjum, og lá frv. um það fyrir síðasta Alþingi og er flutt aftur á þessu þingi. Þegar garðyrkjuskólinn kemur, er alveg óhjákvæmilegt, að ríkið fái aftur til fullra afnota áðurnefnt erfðafestuland Sigurðar Sigurðssonar. Ætíunin með þessu frv. er sú, að ríkið fái í sínar hendur öll yfirráð Reykjatorfunnar, þar sem jarðhiti er, og að það land og náttúrugæði verði framvegis notað fyrir menningarstofnanir ríkisins, og þegar einstökum mönnum eða félögum er leyft að nota land þessara jarða til sumardvalar, þá verði það aðeins um eins árs skeið og framkvæmt á þann hátt, að ríkinu geti ekki orðið að því kostnaðarauki.

Það er sýnilegt, að ríkinu veitir ekki af að hafa náttúrugæði Reykjaeignarinnar til fullra umráða. Aðsóknin vex stöðugt að hælínu og þar þyrfti að reisa hæli fyrir gigtveika menn.

Búskapurinn og garðræktin á Reykjum er í örum vexti, og sýnilegt, að þar eru langsamlega bezt skilyrði til að framkvæma stórfellda garðyrkjukennslu. Þá hefir Pálmi Hannesson rektor undirbúið byggingu ferðaskála á Reykjakoti, vegna nemenda menntaskólans, og er búizt við, að það hús verði byggt á vori komanda.